

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	Eftirlitsmaður	Leifur Þorkelsson
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hafþór Eiríksson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik frá starfsleyfi komu í ljós. Ryk í útblæstri er yfir starfsleyfismörkum, lofthraði útblásturslofts er lægri en þær kröfur sem fram koma í starfsleyfi, heildarúttekt á losun mengandi efna hefur ekki verið framkvæmd og ekki var tilkynnt um öll tilvik þar sem TVN mældist yfir viðmiðunarmörkum (100 mg N/100 g)

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins, Hafþóri Eiríkssyni verksmiðjustjóra. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Eitt frávik kom fram í eftirlitsskýrslu sem unnin var í kjölfar síðustu eftirlitsheimsóknar þann 5. desember 2016, hraði útblásturslofts frá skorsteini var undir starfsleyfismörkum. Frestur til að skila greinargerð varðandi frávik sem snéri að ryki frá olíubrenninum hafði verið veittur til 31. janúar 2017.

Félag Íslenskra fiskimjölframleiðanda hefur sent Umhverfisstofnun greinargerð þar sem sjónarmið félagsins kemur fram og stungið uppá nýrri aðferð til að takmarka ryk í útblæstri en stofnunin hefur ekki tekið afstöðu til þess enn. Mælingar á ryki í útblæstri og lofthraða hafa ekki verið endurteknar.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá því að hún var síðast heimsótt og engin mengunaróhöpp hafa orðið sem rekja má beint til starfsemi verksmiðjunnar.

Það sem af er ári hafði verksmiðjan tekið á móti u.þ.b. 90.000 tonnum af hráefni. Í tvígang hefur verksmiðjan verið stopp í meira en mánuð og hefur eftirlitsaðila verið tilkynnt um gangsetningu hennar eftir stopp í febrúar og í júlí. Sjóinntök verksmiðjunnar voru færð í ársbyrjun og áætlanir eru uppi um að bæta við einni skilvindu. Sömuleiðis er ráðgert að setja upp forhitara á blóðvatn og að þéttivatn verði notað til hitunar, er þetta liður í því að hámarka orkunýtingu í verksmiðjunni.

Farið var yfir starfsleyfi verksmiðjunnar sem var gefið út í mars 2015, samkvæmt því er verksmiðjunni heimilt að vinna úr 1.400 tonnum af hráefni á sólarhring. Farið var yfir þær eftirlitsmælingar krafa er gerð um í grein 3.2. TVN er mælt reglulega og niðurstöður sendar eftirlitsaðila. Tvívegis í byrjun maí mældist TVN yfir starfsleyfismörkum og var tilkynnt um þau tilvik til eftirlitsaðila, hinsvegar fórst fyrir að tilkynna um TVN yfir mörkum í tveimur tilfellum dagana 18. og 20. maí sl. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2016 hefur verið skilað í samræmi við grein 3.3.

Sýnatökur á fráveituvatni fara fram reglulega, síðast við vinnslu á kolmunna í nóvember 2016. Þá mældust öll efni (fita, COD og svifagnir) innan þeirra marka sem tilgreind eru í grein 2.17 í starfsleyfi.

Heildarúttekt á losun mengandi efna frá verksmiðjunni í samræmi við grein 5.2. hefur ekki farið fram. En úttektinni átti að skila fyrir 1. maí 2016. Fram kom í máli verksmiðjustjóra að til standi að framkvæma mælingar á frárennsli síðar á árinu þegar vinnsla á afskurði verður í gangi. Í framhaldi af því verða komnar niðurstöður frárennismælinga fyrir allar tegundir hráefnis í vinnslu og í kjölfarið verður skýrsla um heildarúttekt unnin.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Vinnu við að mála og lagfæra verksmiðjugólf er lokið. Verksmiðjan og umhverfi hennar var skoðuð án athugasemda.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.13 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Hraði útblásturslofts frá skorsteini mældist undir starfsleyfismörkum skv. skýrslu frá Verkís í júní 2015. Mælingin hefur ekki verið endurtekin.

ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi

Ryk í útblæstri frá olúbrennurum mældist yfir mörkum skv. skýrslu Verkís í júní 2015. Mælingin hefur ekki verið endurtekin.

ákvæði í grein 5.2 í starfsleyfi

Heildarúttekt á losun mengandi efna hefur ekki verið framkvæmd. Niðurstöðum hennar átti að skila fyrir 1. maí 2016

ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi

Umhverfisstofnun skal tilkynnt um það eins fljótt og mögulegt er ef magn reikulla basa í hráefni (TVN gildi) fer yfir 100 mg N/100 g. Það fórst fyrir í tvö skipti að uppfylla þetta ákvæði starfsleyfisins. Engin eftirfylgni verður þó af þessu.

17.11.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Gottskálk Friðgeirsson